



Innritunarreglur frístundaheimila í Ísafjarðarbæ

1. gr.

Gildissvið

Reglur þessar gilda um umgjörð, umsóknir og innritun á frístundaheimili í Ísafjarðarbæ að vetri sem og um gjaldtöku og innheimtu fyrir dvöl þar. Foreldri er hér notað yfir þá sem fara með forsjá barns skv. barnalögum.

2. gr.

Almennt um frístundaheimili

Ísafjarðarbær starfrækir frístundaheimili fyrir börn í 1.-4. bekk. Á heimasíðu Ísafjarðarbæjar er að finna ítarlegri upplýsingar um frístundaheimili sveitarfélagsins.

Frístundaheimilin í Ísafjarðarbæ starfa samkvæmt viðmiðum um starfsemi frístundaheimila sem sett eru af mennta- og menningarmálaráðuneytinu og þeim reglum sem bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur sett um þjónustu frístundaheimila í Ísafjarðarbæ.

3. gr.

Innritun

Skráning á frístundaheimili fer fram í gegnum vefumsóknarkerfi Ísafjarðarbæjar daegradvol.isafjardur.is. Í byrjun apríl opnar fyrir skráningu fyrir komandi skólaár og lýkur henni 1. maí. Foreldrar barna sem eru með lögheimili í Ísafjarðarbæ fá sendan tölvupóst þess efnis. Þegar sótt hefur verið um á frístundaheimili fá foreldrar staðfestingu um að umsókn hafi verið móttækin.

4. gr.

Opnunartími, skipulagsdagar og sumarleyfi frístundaheimila

Almennur opnunartími frístundaheimila er frá kl.13:40-16:00 á virkum dögum. Á haustin opna frístundaheimili sama dag og skólinn hefst og lokar á vorin síðasta skóladag.

Skóladagatal grunnskóla og leikskóla er grundvöllur að samstarfi grunnskóla, leikskóla og frístundaheimila um þá þjónustu sem börn í 1.-4. bekk og foreldrar þeirra njóta. Á skóladagatali koma fram allir frídagar og óhefðbundnir skóladagar. Þar sem frístundaheimili í Ísafjarðarbæ eru ýmist rekin í sérhúsnæði, í leikskólahúsnæði eða grunnskólahúsnæði gilda mismunandi reglur um frídaga og óhefðbundna skóladaga.

Um frídaga og óhefðbundna skóladaga í frístundaheimili í sérhúsnæði og grunnskólahúsnæði gildir eftirfarandi:

- a. Í sumarfríi, jólafríi og páskafríi grunnskóla eru frístundaheimili lokað. Opið er á starfsdögum grunnskóla og er starfstíminn hefðbundinn þ.e.a.s. frá kl.13:40-16:00.

- b. Á óhefðbundnum skóladögum þar sem kennsla fellur niður að hluta, hefst frístundaheimilið á hefðbundnum tíma nema um annað sé samið og af því stafi ekki kostnaðarauki fyrir frístundaheimili. Óhefðbundnir skóladagar geta verið að hámarki 10 dagar yfir skólaárið. Þetta geta verið t.d. íþrótt- og útivistardagar, sérstakir þemadagar, námsmats- eða prófdagar og vorferðardagar.
- c. Frístundaheimilin eru lokuð í haust- og vetrarfríum grunnskólanna.
- d. Starfsdagar/skipulagsdagar frístundaheimila eru tveir á skólaárinu, að jafnaði einn á haustönn og annar á vorönn. Þeir fara fram þá daga sem foreldraviðtalsdagar eru í grunnskólum. Þessa daga er ekki tekið á móti börnum.

Ofantaldir frídagar á frístundaheimilum og óhefðbundnir skóladagar hafa ekki áhrif á gjaldtöku.

Um frídaga og óhefðbundna skóladaga í frístundaheimili í leikskólahúsnæði gildir eftirfarandi:

- a. Í sumarfríi, jólafríi og páskafríi grunnskóla eru frístundaheimili lokuð. Lokað er á starfsdögum og námskeiðadögum leikskóla.
- b. Þá daga sem leikskólinn lokar fyrr t.d. vegna starfsmannafunda leikskólustarfsfólks er frístundaheimilið lokað.
- c. Frístundaheimilin eru lokuð í haust- og vetrarfríum grunnskólanna.

Ofantaldir frídagar á frístundaheimilum og óhefðbundnir skóladagar hafa ekki áhrif á gjaldtöku.

5. gr.

Skilyrði fyrir dvöl í frístund

Skilyrði fyrir dvöl barna á frístundaheimilum yfir vetur er að barnið sé nemandi í grunnskóla þar sem frístundaheimilið er rekið og að foreldrar barnsins séu ekki í vanskilum við skóla- og tómstundasvið Ísafjarðarbæjar. Ef foreldrar búa ekki saman en fara sameiginlega með forsjá barns getur það foreldri sem barn á lögheimili hjá sótt um frístundaheimili.

6. gr.

Flutningur milli frístundar

Ef barn á frístundaheimili flyst á milli skóla innan sveitarfélagsins er hægt að færa umsókn um frístundaheimili á milli þeirra.

7. gr.

Forgangur í frístund

Umsóknir um dvöl á frístundaheimili eru afgreiddar í tímaröð en þó þannig að börnum í 1. Bekk er fyrst boðin dvöl. Að auki er hægt að sækja um forgang skriflega til forstöðumanns viðkomandi frístundaheimilis vegna:

- a) Barna sem þurfa forgang vegna fötlunar. Ráðgjafi hjá félagsþjónustu sveitarfélagsins ber ábyrgð á afgreiðslu umsókna vegna barns sem njóta forgangs vegna fötlunar. Staðfesting frá viðurkenndum greiningaraðila og/eða frá félagsþjónustu skal fylgja umsókn.
- b) Barna sem þurfa forgang vegna félagslegra aðstæðna. Starfsmenn félagsþjónustu, barnaverndar eða annarra stofnanna sem koma að málefnum barna og námsráðgjafar eða deildarstjórar yngsta stigs í viðkomandi grunnskóla geta sótt um forgang vegna félagslegra aðstæðna eða skyndilegra breytinga á fjölskylduhögum.

Umsóknir um forgang skulu afgreiddar innan 14 daga. Þegar umsókn um forgang hefur verið samþykkt fær barn pláss á frístundaheimilinu um leið og aðstæður leyfa.

8. gr.

Úthlutun plássá, dvalarsamningur og uppsögn

Um leið og barni er úthlutað plássi er gerður samningur á milli foreldra og frístunaheimilis. Uppsögn á samning þarf að vera skrifleg og berast forstöðumanni frístundaheimilis fyrir 15. hvers mánaðar. Tekur hún gildi um næstu mánaðarmót.

9. gr.

Gjaldskrá

Gjaldskrá frístundaheimila er endurskoðuð einu sinni á ári og tekur bæjarstjórn ákvörðun um breytingar á henni.

Afsláttur vegna systkina er 30% vegna annars systkins og 100% vegna þriðja systkins og nær til dvalargjalds.

Systkinaafsláttur gildir milli dagforeldra, leikskóla og frístundaheimila. Afslátturinn reiknast af dvalargjaldi vegna leikskóla eða frístundaheimila allt eftir aldri barnsins. Greitt er fullt gjald vegna yngsta barns og síðan koll af kalli.

10. gr.

Uppsögn eða breyting á samningi

Uppsögn á dvalarsamningi þarf að berast forstöðumanni frístundaheimilis með tölvupósti fyrir 15. hvers mánaðar og tekur breytingin gildi um næstu mánaðarmót.

Allar breytingar á dvalartíma þurfa að berast forstöðumanni frístundaheimilis með tölvupósti fyrir 15. hvers mánaðar og tekur breytingin gildi um næstu mánaðarmót.

11. gr.

Veikindi

Geti barn ekki sótt frístundaheimili vegna veikinda í fjórar vikur samfelld eða lengur geta foreldrar sótt um allt að 50% afslátt af dvalargjaldi og 100% niðurfellingu fæðisgjalds. Afsláttur er veittur fyrir þann tíma er veikindi vara gegn framvísun læknavottorðs sem staðfestir að barnið hafi ekki getað sótt frístund. Sækja verður um afsláttinn innan þriggja mánaða frá því að veikindum lýkur.

Gjöld eru greidd eftir á og er gjalddagi frístundar í lok hvers mánaðar og eindagi 10 dögum síðar.

Ef gjöld fyrir frístundapjónustu hafa ekki verið greidd 30 dögum eftir eindaga skoðast það sem uppsögn á þjónustu.

12. gr.

Stuðningur

Starfsumhverfi er án aðgreiningar. Börn sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda fá stuðning á frístundaheimilinu að undangenginni samþykkt samkvæmt mati viðurkenndra aðila.

13. gr.

Húsnæði frístundaheimila

Frístundaheimilið á Ísafirði kallast Dægradvöl og er staðsett í húsi Sundhallarinnar við Austurveg. Á Flateyri er frístundaheimilið til húsa í leikskólanum Grænagarði, á Suðureyri í leikskólanum Tjarnarbæ og á Þingeyri í húsnæði grunnskólans.

Almennur rekstrarkostnaður er á ábyrgð forstöðumanns eftir því sem við á. Viðhald húsnæða er á ábyrgð umhverfis- og eignasviðs Ísafjarðarbæjar.

14. gr.

Samstarf

Tryggja þarf samstarf og samráð frístundaheimila og viðkomandi grunnskóla. Stjórnendur skólans kynna að vori skóladagatal komandi vetrar fyrir forstöðumönnum frístundaheimila og öfugt. Gagnkvæmt upplýsingastreymi skal vera á milli grunnskóla og frístundaheimila með reglulegum fundum

Forstöðumaður er kallaður inn á nemendaverndarráðsfundi (í samræmi við 20. grein í reglugerð um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum), teymisfundi vegna 6-9 ára barna sem eiga rétt á þjónustu viðkomandi frístundaheimilis og aðra samstarfsfundi eins og þurfa þykir.

Forstöðumenn frístundaheimila sitja upplýsingafundi leik- og grunnskóla vegna 6 ára barna. Samstarf er við leikskólastjóra um að forstöðumenn sitji skilafund varðandi börn sem gætu þurft á stuðningi að halda á frístundaheimili. Þetta er gert til að tryggja samfellu í þjónustu við barnið.

Frístundaheimilin skulu leita eftir samstarfi við þá aðila sem sinna frístundastarfi barna í sveitarfélaginu með það að markmiði að börnin geti stundað þær innan tímaramma frístundaheimilanna.

15. gr.

Mannauður

Hver starfsmaður skal að jafnaði hafa umsjón með 14 börnum í 1.-2. bekk og 16 í 3.-4. bekk. Til viðbótar koma starfsgildi vegna barna sem þurfa sérstakan stuðning.

Starfsmannþörf er reiknuð út frá fimm daga vistun, þ.e. börn sem ekki eru alla daga vikunnar eru umreiknuð í svo kallaða fimm daga vistun.

Að lágmarki eru þrír starfsmenn í hverju frístundaheimili. Þar af er einn forstöðumaður.

Ef barnafjöldi eru undir 50 börn þá er forstöðumaður í 60% starfi, þar af 20% stjórnun.

Ef barnafjöldi er 50-80 börn þá er forstöðumaður í 100% starfi, þar af 40% stjórnun.

Ef barnafjöldi er 80-120 börn er forstöðumaður í 100% starfi og fellur umönnunarskylda niður, stjórnunarhlutfall verður 100%.

Ef barnafjöldi fer yfir 120 börn þá breytist starfshlutfall eins starfsmanns úr 50%-70%. Viðbótin telst sem stjórnunarhlutfall.

16. gr.

Gildistaka

Reglur þessar taka gildi frá og með 1. maí 2022. Æskilegt er að leggja mat á þessar reglur fyrir 1. maí 2024 og endurskoða eftir þörfum.

Samþykkt í fræðslunefnd þann 28. apríl 2022.